

FW: Númerslausir bílar

Til : Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is>
Frá : Axel Rodriguez Överby <axelov@isafjordur.is>
Heiti : FW: Númerslausir bílar
Málsnúmer : 2021050028
Málsaðili : Ísafjarðarbær
Skráð dags : 31.01.2022 09:56:32
Höfundur : Axel Rodriguez Överby

Viðhengi [image002.jpg](#)[image002.jpg](#)
[image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umverfis- og eignasviðs

450 8000 – axelov@isafjordur.is

From: Axel Rodriguez Överby

Sent: fimmtudagur, 24. júní 2021 11:24

To: Axel Rodriguez Överby ; Daníel Jakobsson, contact ; Nanný Arna Guðmundsdóttir; arnayr@nh.is; geir.sigurdsson@vegagerdin.is; Hafdís Gunnarsdóttir ; Helga Þuríður Magnúsdóttir ; Steinunn Guðný Einarsdóttir ; Helga Dóra Kristjánsdóttir; Sif Huld Albertsdóttir ; helgabjort@hotmail.com; Marzellús Sveinbjörnsson ; ongull@simnet.is; magnuseinar89@gmail.com; Kristján Þór Kristjánsson ; Alberta Guðbjartsdóttir ; arnalara@gmail.com; Sigurður Hreinsson; Þórir Guðmundsson ; Birgir Gunnarsson ; Hjördís Þráinsdóttir ; Aðalsteinn Egill Traustason

Cc: Birgir Gunnarsson

Subject: FW: Númerslausir bílar

Sæl verið þið ágætu fundarmenn umhverfisnefndar, sjá neðangreint frá Juris, varðandi númerslausa bíla.

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umverfis- og eignasviðs

450 8000 – axelov@isafjordur.is

From: Andri Andrason [<mailto:andriandra@juris.is>]
Sent: þriðjudagur, 22. júní 2021 18:43
To: Axel Rodriguez Överby <axelov@isafjordur.is>
Subject: RE: Númerslausir bílar

Sæll

Er sammála þér í því að það sé á ábyrgðar- og verksviði Heilbrigðisnefndar Vestfjarða að fjarlægja númeralausar bifreiðar. Ef framkvæmdin á þessu er sett á herðar sveitarfélagsins er hætt á því að litið verði svo á að ákvarðanir og málsmeðferð hafi ekki verið í höndum þar til bærslu aðila. Vísu um þetta til eftirfarandi punkta:

- Samkvæmt 47. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ber heilbrigðisnefnd að sjá um að framfylgt sé ákvæðum laganna og reglugerða setta samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga og öðrum lögum/reglum sem kunna að fela nefndinni tiltekna framkvæmd. Í 60. gr. laganna er sérstaklega fjallað um þau þvingunarúrræði sem heilbrigðisnefnd er heimilt að beita í því sambandi.
- Á grundvelli laganna hefur m.a. verið sett reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og er þar sérstaklega gert ráð fyrir að heilbrigðisnefndir annist eftirlit skv. reglugerðinni. Í 5. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar er heilbrigðisnefnd veitt heimild til að láta fjarlægja númerslausar bifreiðar og bílflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun, t.d. með álagningarmiða með aðvörunarorðum.
- Á grundvelli laganna hefur einnig verið sett reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, sem heilbrigðisnefndir skulu sjá um að verði framfylgt. Í 21. gr. þeirrar reglugerðar er heilbrigðisnefnd jafnframt veitt heimild til að fjarlægja númerslausar bifreiðar og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun.
- Líta verður svo á að þessar reglur laganna og reglugerða séu áréttaðar og nánar útfærðar í samþykkt Heilbrigðisnefndar Vestfjarða, þar sem Heilbrigðisnefnd Vestfjarða er í 7. gr. veitt heimild til að fjarlægja skráningarskyld ökutæki án skráningarkerkja. Skv. samþykktunum er eina aðkoma sveitarfélagsins að þessari aðgerð að útvega lóð/svæði til geymslu fyrir förgun, sbr. 7. gr., eins og þú bendir á.
- Líta verður svo á að ákvæði 6. mgr. 21. gr. lögreglusamþykktu feli aðeins í sér áréttingu á

heimild lögreglu til að fjarlægja númerslausar bifreiðar. Sú heimild lögreglu, sem lögreglan hefði væntanlega óháð lögreglusamþykkt, er óháð heimild heilbrigðisnefndar skv. lögum, reglugerðum og samþykktum um nefndina.

Hafa verður bak við eyrað að ákvörðun um að fjarlægja númerslausa bifreið er stjórnvaldsákvörðun, sem verður að vera tekin af réttum aðila og með réttum hætti (viðvörðunarmiði, andmælaréttur o.s.frv.). Ákvörðun um að fjarlægja númerslausa bifreið og málsmeðferðin ætti því að vera í höndum Heilbrigðisnefndar Vestfjarða, sem getur t.d. fengið utanaðkomandi aðila til að fjarlægja bifreið og færa á geymslusvæði sem bærinn útvegur. (Má hér til hliðsjónar benda á álit Umboðsmanns Alþingis í máli frá 2019 (nr. 10008/2019) þar sem gerð var athugasemd við framkvæmd og málsmeðferð *Heilbrigðisnefndar Suðurnesja* við fjarlægingu númerslausar bifreiðar.)

Með kveðju / Best regards,

Andri Andrason, lög., LL.M.

andriandra@juris.is

From: Axel Rodriguez Överby <axelov@isafjordur.is>

Sent: mánudagur, 21. júní 2021 15:39

To: Andri Andrason <andriandra@juris.is>

Subject: Númerslausir bílar

Sæll Andri

Getur þú aðeins skoðað fyrir mig eftirfarandi, þ.e. að í samþykkt Heilbrigðisnefndar Vestfjarða er vísað til þess í 3. og 7. gr. samþykktar að Heilbrigðisnefnd sé heimilt að fjarlægja númerslausa bíla..

Heilbrigðiseftirlitið hefur verið duglegt við að líma á bíla, rauða miða síðan hefur boltanum verið varpað á sveitarfélagið með að sjá um framkvæmdina. Hinsvegar hefur mér fundist óljóst hvaða umboð sveitarfélagið hefur til þess að fara í þann gjörning þ.e.a.s. kalla til verktaka til að sjá um hirðingu, síðan innheimtu fyrir kostnaði. Síðast en ekki síst geymsla og förgun.

Eins ég skil samþykkt Heilbrigðisnefndar, að þá ætti framkvæmdin að vera alfarið í þeirra höndum og sveitarfélagið einungis að útvega geymslulóð. Ég finn ekkert um þetta í samþykktum sveitarfélagsins eða gjaldskráum um þetta og finnst vafasamt að fara í að láta hirða ökutæki, ef umboðið er óljóst.

Lögreglusamþykktin tekur á þessu eitthvað í 21. gr.

https://www.isafjordur.is/static/files/ReglurOgSamthykkir/Umhverfismal/samthykkt_um_ungengni_og_thrifnad.p

https://www.isafjordur.is/static/files/ReglurOgSamthykkir/Annad/logreglusamthykkt_fyrir_isafjardarbae_-_2011-.pdf



Axel Rodriguez Överby

Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs

Tæknideild Ísafjarðarbæjar , Hafnarstræti 1 , 400 Ísafjörður

450 8000 – axelov@isafjordur.is - www.isafjordur.is